



## 10. fundur stjórnar LH 2024-2026

5. febrúar 2025 kl. 19:30

### Fjarfundur

**Mætt úr aðalstjórn:** Linda Gunnlaugsdóttir, Ólafur Gunnarsson, Þórhildur Katrín Stefánsdóttir, Sóley Margeirsdóttir, Ólafur Þórisson, Sveinn Heiðar Jóhannesson, Unnur Rún Sigurpálsdóttir.

**Mætt úr varastjórn:** Sigurbjörn Eiríksson, Ragnhildur Gísladóttir, Reynir Atli Jónsson, Jón Þorberg Steindórsson, Hilmar Guðmannsson.

**Fundargerð ritar:** Berglind Karlsdóttir

*Formaður setur fund og stýrir fundi.*

#### 1. Samþykkt fundargerðar síðasta fundar

#### 2. Staða verkefna

- Hrossataðshópur fundaði í síðustu viku, ákveðið að safna upplýsingum frá félögum kringum landið hvernig staðan er á þessum málum utan höfuðborgarsvæðis.
- Aðalfundur FEIF var haldinn á þriðjudegi á fjarfundi í fyrsta sinn, utan Covid-ársins 2021. Fundarmönnum var ekki gefið færi á að taka til máls og almenn óánægja með það fyrirkomulag. Vinna þarf að því fá þessu breytt í staðfund eins og áður var. Nýr formaður var kjörin, Gundula Sharman, sem lengi hefur verið formaður æskulýðsnefndar FEIF.
- Laganefnd fundaði í síðustu viku og fékk það heimaverkefni að leggja drög að tilmælum um hvaða gögn skuli birta með fundargerðum.
- Öryggisnefnd hittist í síðustu viku þar sem farið var yfir þau verkefni sem veriði hafa í gangi og rætt um næstu verkefni nefndarinnar.
- Tveir fundir verið haldnir í tölvunefnd þar sem ýmis tæknimál voru rædd..
- Útbreiðslunefnd fundar á morgun, þar sem fjallað verður um hestadaga í Reykjavík (sjá nánar dagskrárlið 4)
- Æskulýðsnefndin hefur fjallaði um Youth Camp og tillögur á FEIF ráðstefnu. Næsti fundur hefur verið boðaður.
- Landsliðsnefnd fundar vikulega og er með nokkra undirhópa í gangi sem sinna einstökum verkefnum.
- Menntanefnd fundaði fyrir FEIF þingið um FEIF matrixuna sem verið er að uppfæra, og um leiðir til að bæta ferla varðandi endurmenntun reiðkennara.
- Fundur var í stjórn LM ehf. í gær þar formleg stjórnarskipti voru. Samþykkt var að LH og FHB sendi LM reikning fyrir hlutdeild í rekstri félaganna, enda fer öll strafsemi LM fram hjá eigendum.
- Fyrsti fundur verður í Mannvirkjanefnd verður í næstu viku.
- Skipun Úrskurðar- og aganefndar er á lokametrunum.

*Hilmar kemur inn á fund.*

#### 3. FEIF-ráðstefna

Fyrir Íslands hönd sóttu þingið FEIF-nefndafólkið okkar þau Hulda Gústafsdóttir, Sigurbjörn Bárðarson, Herdís Reynisdóttir, Dagbjört Hulda Guðbjörnsdóttir og Friðrik Már Sigurðsson og Þorvaldur Kristjánsson f.h. BÍ. Að auki fóru á vegum LH þau Linda Björk Gunnlaugsdóttir, Unnur Rún Sigurpálsdóttir, Ólafur



Pórisson, Hinrik Þór Sigurðsson og Berglind Karlsdóttir og fóru þau með atkvæði Íslands á nefndafundum. Fulltrúar Íslands eru mjög virkir í nefndum en óheppilegt er Ísland eigi ekki fulltrúa í stjórn FEIF. Næsta FEIF þing verður haldinn í Budapest í Ungverjalandi 2026.

Á formannafundi var m.a. rætt um að taka upp eins konar vinalandakerfi, til að efla tengsl milli landa og til að auðvelda minni löndum aðgengi að FEIF-samfélaginu. Rætt var um leiðir til að auka gagnsæi í stjórnkerfi FEIF og skilning á ólíkum aðildarlöndum. Einnig var rætt um leiðir til að auka tekjuöflun FEIF og um hlutverk og kosningu varaforseta FEIF.

Á „Leisure Riding“ fundi var rætt um viðburði fyrir hinn almenna hestamann. Rætt var um viðburði fyrir alþjóðlegan dag íslenska hestsins, sem er 1. maí ár hvert. Mikil umræða var um velferðarmál í tengslum við almenna reiðmennsku og hestahald og hvernig hægt er að ná til breiðari hóp félagsmanna. Þórhildur Katrín Stefánsdóttir var kjörin ný í nefndina.

Á menntanefndarfundi var til umræðu endurskoðun á Mennta-matrixu FEIF sem nefndin hefur hafið vinnu við og óskar nú eftir tillögum og athugasemdum frá menntanefndum annarra landa. Rætt var um hvernig menntakerfið hefur þróast í mismunandi löndum, sérstaklega með velferðarmál að leiðarljósi. Einnig var fjallað um komandi sameiginlega ráðstefnu sport- og nefndanefndar í Danmörku nú í mars.

Á æskulýðsnefndarfundi fór fram kynning á þeim æskulýðsnefndarviðburðum sem fram undan eru; „Youth Camp“ á Íslandi í júlí, „Young leaders seminar“ í Danmörku í haust og „Youth Cup“ í Þýskalandi sumarið 2026. Löndin skiptust á hugmyndum um viðburði og starfsemi á vegum æskulýðsnefnda og fóru allir heim með nýjar hugmyndir. Fundurinn var sammála um að fræðsla og menntun er öflugasta tækið til að mæta þeim áskorunum sem fram undan eru í hestaheiminum.

Á sportnefndarfundi voru rædd drög að nýju spjaldakerfi og agaviðurlögum í regluverki FEIF. Tillagan verður rædd og útfærð frekar á fundum Sportnefndar FEIF og stefnt er á að leggja hana fram til samþykktar á aðalfundi FEIF 2026. Vonir standa til að nýtt spjaldakerfi muni skýra og auðvelda notkun agareglna sem hafa ekki verið nægilega vel útfærðar. Önnur mál sem rædd voru í Sportnefndinni var m.a. leyfileg þyngd hófhlífa í íþróttakeppni, stytting tíma til að koma hesti inn í rásbása í kappreiðum og úthlutun dómara frá sérsamböndum líkt og gert er á Íslandi, í stað þess að mótshaldarar velji dómara til dómstarfa eins og tíðkast víða. Hulda Gústafsdóttir hlaut endurkjör í nefndina til næstu tveggja ára.

Lagt er til að vísa til keppnisnefndar að skoða möguleika á að taka nýtt spjaldakerfi upp á Íslandi til reynslu á komandi keppnistímabili utanhúss.

*Afgreiðsla: Samþykkt.*

#### 4. Hestadagar í Reykjavík 1. til 4. maí

Húsdýragarðurinn vakti máls á að vera með skemmtidagskrá tileinkaða íslenska hestinum á alþjóðlegum degi íslenska hestsins 1. maí. Hugmyndin vatt upp á sig og nú er stefnt á að halda hestadaga í Reykjavíkurborg dagana 1. Til 4. Maí, með ýmsum hestatengdum viðburðum í borginni, til dæmis ljósmyndasýningu tileinkaða hestinum í Ljósmyndasafni Reykjavíkur, sýningu í Árbæjarsafni á hestatengdum munum og Miðbæjarreið.

*Afgreiðsla: Skrifstofu falið að vinna áfram með útbreiðslunefnd.*

#### 5. “Efst á dagskrá”

Óskað er eftir hugmyndum frá stjórnarfólki um mál sem fjalla ætti um í greinaskrifum á vefsíðu LH.



#### 6. Stefnumótunarvinna

Stefnt er á að hefja stefnumótunarvinnu fyrir vorið, kalla að borðinu aðila úr stjórn og nefndum LH og aðilum úr félögum í kringum landið, fá fagaðila til að halda utan um vinnuna. Taka hálfan dag í stefnumótunarfund í vor og halda svo áfram að loknu sumri.

*Afgreiðsla: Ólafi G., Unni, Lindu og Berglinni falið að ákveða næstu skref og koma vinnunni af stað og kynna á næsta staðfundu.*

#### 7. Hestamennska sem almenningsíþrótt

Í nýju afrekskerfi ÍSÍ verður LH ekki flokkað lengur sem afreksíþróttasamband heldur samfélagsleg íþrótt. Ímynd hestaíþróttar er ekki lengur tengd óreglu og eru aðrar íþróttir að taka við þeim stimpli. Hestaíþróttir þurfa að taka sér pláss sem almennings- og fjölskylduþrótt.

*Afgreiðsla: Samþykkt að taka almenningsíþróttavinkilinn inn í stefnumótunarumræðuna.*

#### 8. Ert þú í hestamannafélagi

Fyrir nokkrum árum var sett á laggirnar auglýsingaherferð þar sem hestamenn voru hvattir til að skrá sig í hestamannafélag, herferðin skilaði góðum árangri og auknum skráningum.

*Afgreiðsla: Samþykkt að hefja aftur þessa herferð með áherslu á ávinningin af því að vera skráður í hestamannafélag.*

#### 9. Dómaramál

Dómari hefur ekki fengið úthlutað mót sl. 2 ár vegna fjölda kvartana undan hegðun hans. Félögin hafa óskað eftir að honum sé ekki úthlutað á mótin. Hann hefur nú sótt um mót en ekki fengið úthlutað.

Setja þarf stefnu hjá dómarafélögunum og LH og kerfi eða siðaráð sem grípur svona kvartanir og ákvarðar afleiðingar fyrir þann sem er tilkynntur.

*Afgreiðsla: Dómaranefnd falið að vinna tillögu að ferli til að vinna eftir.*

#### 10. Önnur mál

- Úthlutun úr aukastyrk úr afreksjóði ÍSÍ hefur dregist, von er á niðurstöðum um skiptingu styrksins í febrúar.
- Erindi frá Valgarði Valgarðssyni f.h. Unu Bjartar Valgarðsdóttur. Beiðni um leyfi til að keppa undir merkjum Íslands í fimikeppni á Spáni.

*Afgreiðsla: Beiðni hafnað. Framkvæmdastjóra falið að senda svar með sömu nótum og sambærilegar beiðnir hafa fengið hingað til.*

- Næsti fundur boðaður mánudaginn 17. feb. kl. 16-19, staðfundur í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal.

*Fundi slitið kl. 22.25*